

Drög að ályktun um atvinnumál

Þing Alþýðusambands Íslands kallar eftir langtímasýn og skýrri stefnu í atvinnumálum þar sem lögð er áhersla á bætt lífskjör og aukna verðmætasköpun. Tryggja þarf stöðugleika þannig að nýsköpun og atvinnulíf geti blómstrað og leitt af sér verðmæt og samkeppnishæf störf. Þörf er á kortlagningu á íslenskum vinnumarkaði til skemmri sem og lengri tíma með það að markmiði að vita hvar störf hverfa og hvar störf munu verða til. Auka þarf sveigjanleika menntakerfisins svo hægt sé að mæta fyrirsjáanlegum breytingum á atvinnulífi fyrir.

Vangeta menntakerfisins til að bregðast við sveiflum í atvinnulífinu kallar reglulega á mikið innflæði erlends vinnuafls sem hingað flyst búferlum eða starfar hér tímabundið. Þessir hópar eru í hættu á að verða fyrir kjarasamningsbrotum, launaþjófnaði og í alvarlegustu dæmunum vinnumansali. Koma þarf í veg fyrir að aðilar geti stundað kerfisbundið kennitöluflakk og launaþjófnað án viðurlaga með háum fjársektum og virkara skattaeftirliti.

Heilbrigður vinnumarkaður þar sem samkeppnishæfni byggir á aukinni framleiðni en ekki kjarasamningsbrotum, félagslegum undirboðum eða skattaundanskotum er fyrirtækjum, launafólki og samfélaginu nauðsynlegur.

Áhersluatriði

- ASÍ krefst þess að vinnustaðaeftirlit sem og eftirlit með svartri atvinnustarfsemi verði stóraukið.
- Koma þarf í veg fyrir að aðilar geti stundað kerfisbundið kennitöluflakk, svarta atvinnustarfsemi, skattaundanskot og launaþjófnað án viðurlaga með því að efla skattaeftirlit og auka heimildir til fjársekta.
- Lögfesta þarf keðjuábyrgð nú þegar.
- ASÍ kallar eftir skýrri stefnu og framtíðarsýn í atvinnumálum þar sem áhersla er lögð á verðmæt og samkeppnishæf störf.
- Skapa þarf stöðugleika og aðstæður svo nýsköpun geti blómstrað og leitt af sér verðmæt störf.
- Tryggja þarf jafnt aðgengi að vinnumarkaði óháð aldri, þjóðerni og kyni.